



Borgarráð

Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Borgarleikhúsi

Lagt er til að Reykjavíkurborg veiti Leikfélagi Reykjavíkur stuðning sem nemur allt að 78 m.kr. Það kemur til móts við hluta af því tapi sem rekja má til samkomutakmarkana vegna Covid 19 og aðgerðir leikhússins og ríkisins ná ekki yfir. Upphæðinni verði skipt þannig að 50 m.kr. verði veittar í desember 2020 og það sem eftir stendur, eða 28 m.kr, verði greiddar þegar uppgjör í febrúar 2021 liggur fyrir. Á tímabilinu mun leikfélagið veita borginni reglulega upplýsingar um uppgjör og stöðu mála. Verði niðurstaða rekstrar betri en ráðgert er lækkar framlag í samræmi við það en verði útkoman verri þarf að meta stöðuna að nýju. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útbúa og leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við tillöguna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Trúnaðarmerkt greinargerð með tillögu um stuðning við Borgarleikhúsið vegna áhrifa Covid-19, dags. 2. nóvember 2020.